

# KIRKJUGARÁÐ

## 31. fundur haldinn mánudaginn 13. júní 2005 í fundarherbergi á þriðju hæð í Biskupsstofu.

**Fundinn sátu:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð. Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri var í leyfi og sótti Sigurgeir Skúlason fundinn í hans stað.

Fundur var settur kl. 14:05.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð var samþykkt eftir leiðréttingar.

### 2. Stefnumörkun í fornleifavernd með tilliti til trúarlegra minja

Liðnum var frestað til næsta fundar sem verður í ágúst.

### 3. Aðalfundur KGSÍ

Aðalfundur KGSÍ var haldinn á Selfossi 28. maí sl. Best sóttur fundanna til þessa. Þórsteinn leggur til að Sigurgeir sitji fundina í framtíðinni með Guðmundi Rafni.

### 4. Rekstraráætlun KGSÍ og rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði

Skv. rekstraráætlun á sl. ári vegna ráðstefnu í haust er rekstraráætlunin gerð með rúmlega 1,4 millj. kr. í halla.

### 5. Önnur mál

- Rætt var um að halda næsta fund í Færeyjum dagana 5.- 8. ágúst. Samskipti hafa verið milli kirkjugarða í Færeyjum, á Grænlandi og hér og hefur biskup Íslands hvatt til slíkra tengsla. Formaður framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs mun skipuleggja ferðina. Ákveðið að fara til Færeyja 5. ágúst og til baka 8. ágúst.
- Rætt um kirkjudaga. Ákveðið var að Kirkjugarðaráð, KGSÍ, Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma og In Memoriam verði saman með bás og að Ágústu Ragnarsdóttur yrði falið að gera renninga í básinn. Formanni var falið að sjá um verkið.
- Næsti fundur í Færeyjum 5. – 8. ágúst. Síðan fundur 12. september.
- Congres.is/NFKK, upplýsingar um fund norrænna kirkjugarðasambanda sem hefst 25. ágúst.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00.

Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir, ritari